



Akureyri  
ÖLL LÍFSINS GÆDI

Iðnaðarráðuneyti  
Lindargötu Arnarhvoli  
150 Reykjavík

12020066  
2.2.1  
14.05.2012

ESG  
IMP

Akureyri, 10. maí 2012  
2012030264 / 99

**Efni:** Lagning raflína í jörð - óskað umsagnar


Skipulagsnefnd hefur á fundi sínum þann 9. maí 2012 gert eftirfarandi bókun:

Erindi dags. 23. mars 2012 frá iðnaðarráðuneytinu þar sem fram kemur að Alþingi hafi samþykkt þingsályktunartillögu þar sem iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra er falið að skipa nefnd er móti stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndin skal skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og hvetur alla sem hagsmuna eiga að gaeta og aðra sem áhuga hafa, til að kynna sér tillöguna og senda nefndinni athugasemdir og ábendingar sem varða mótnum stefnu um raflínur í jörð. Frestur til að skila inn umsögnum og athugasemendum er til 18. maí 2012.

*Skipulagsnefnd fagnar því að stofnuð hafi verið nefnd er móti stefnu um lagningu raflína í jörð sem nú eru ofanjarðar og þau sjónarmið sem taka beri mið af. Skipulagsnefnd telur að sérstaklega beri að skoða aðstæður í og næst þéttbýli og alþjóðaflugvelli með það í huga að allar raflínur 220 kV og minni verði settar í jörð. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi greinargerð sem svar við erindinu.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Pétur Bolli Jóhannesson  
Skipulagsstjóri

